

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar við Hofsós – sunnan Kirkjugötu.

Byggðarráð Skagafjarðar, í umboði sveitarstjórnar, samþykkti á 57. fundi sínum 31. júlí 2023 tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Hofsós – sunnan Kirkjugötu, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða var unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 sem hefur þegar öðlast gildi. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar 8 nýjar íbúðarlóðir og byggingarheimildir fyrir núverandi íbúðarbyggð, Hofsóskirkju og Hofsóskirkjugarð. Deiliskipulagið er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 9. október 2023.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. október 2023